

Nd.

178. Nefndarálit

[77. mál.]

um frv. til laga um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, en það er nú til meðferðar í síðari deild. Undirritaðir mæla með frv. óbreyttu, en minni hluti nefndarinnar, þeir LJós, BP og JSk, skilar séráliti og flytur breytingartillögur.

Við meðferð frv. í Ed. voru gerðar á því veigamiklar breytingar, eftir að sjávarútvegsnefndir beggja deilda höfðu kynnt sér efni þess á sameiginlegum fundi. Þær breytingar voru gerðar í samráði við þingflokka Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal undirritaða, og urðu til þess, að frv. var afgreitt samhljóða frá Ed.

Vegna orðalags á a-lið 1. gr. frv. viljum við taka fram, að við teljum, að greiða beri hækkaðan rekstrarkostnað vegna gengisbreytingarinnar af öllum sjávarafurðum, sem afreiknaðar verða á gamla genginu, einnig þótt slíkur kostnaður falli á þær eftir árslok 1967.

Alþingi, 18. des. 1967.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr.

Guðl. Gíslason.

Pétur Sigurðsson.